

IV. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

8. gr.

Flugmálastjóri setur nánari reglur um framkomu og hegðun starfsmanna flugmála-
 stjórnar, þegar þeir bera einkennisbúning.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, til að
 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr
 gildi reglugerð nr. 204 16. október 1952 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 18. október 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuð-
 um þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til
 31. janúar 1984.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og
 samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi
 verðgrundvöll á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31.
 janúar 1984:

<i>Söltuð þorsklök</i>	<i>U.S. \$ pr. lest cif.</i>
Flokkur A 700/up	3 550,00
Flokkur A 400/700	3 300,00
Flokkur A 200/400	2 950,00
Flokkur A 100/200	2 500,00
Flokkur B 700/up	3 150,00
Flokkur B 400/700	2 900,00
Flokkur B 200/400	2 550,00
Flokkur B 100/200	2 100,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að
 viðbættu eða frádregnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1983.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

Endurprentað blað.